



SÝSLUMADURINN Í VESTMANNAEYJUM

Alþingi

Erindi nr. **P** 128/839

komudagur 22.1.2003

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

**Umsögn sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um almannavarnir o.fl.
Pskj: 702 - mál 464.**

Undirritaður hefur mótttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis dags. 16. desember 2002 þar sem óskað er eftir umsögn hans á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannavarnir ofl. Undirritaður sendir því svohljóðandi:

u m s ö g n


Undirritaður telur að flutningur á starfsemi og verkefna frá Almannavörnum ríkisins til embættis ríkislögreglustjóra geti verið til bóta fyrir lögreglustjóra og orðið til einföldunar á boðleiðum.

Hins vegar sér undirritaður ekki rökin fyrir því að nauðsynlegt sé að leggja niður almannavarnarráð. Núverandi fyrirkomulag um almannavarnarráð hefur ekki svo undirritaður viti reynst illa. Ef tilgangurinn með því að leggja það niður er sparnaður sér undirritaður ekki muninn á því að halda úti almannavarnarráði og sérfræðingahóp til ráðgjafar sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem yrði 4. mgr. 6. gr. laganna. Unnt væri að ná fram svipaðri niðurstöðu og æskilegri, að mati undirritaðs, með því að halda almannavarnarráði undir forsæti ríkislögreglustóra og menn í ráðið yrðu tilnefndir af stofnunum og aðilum sem helstu þekkingu hafa á þessum málum. Ákveðið yrði í lögum hvaða stofnanir og aðilar tilnefndu fulltrúa í ráðið. Undirritaður óttast að sérstaða almannavarna glataðist að stórum hluta ef starfsemi þeirra yrði alfarið sett inn sem undirdeild við embætti ríkislögreglustjóra og almannavarnarráð lagt niður um leið. Óttast undirritaður að þar með gæti miðstýring almannavarna orðið fráhrindandi bákn.

Þá telur undirritaður að halda ætti óbreyttu orðalagi í 2. mgr. 11. gr. laganna, en í frumvarpinu er kveðið á um að ríkislögreglustjóra sé heimilt að ákveða flutning hjálparliðs á milli umdæma að höfðu samráði við viðkomandi lögreglustjóra sbr. 6. gr. frumvarpsins. Eg tel að með breytingunni sé verið að veikja vald lögreglustjóra í héraði sem alla jafna hafa besta yfirsýn yfir ástand í heimabyggð. Stjórn almannavarna í héraði hefur verið í höndum viðkomandi lögreglustjóra og er ekki gert ráð fyrir að það breytist með frumvarpinu. Allt sem er til þess fallið að grafa undan þessu valdi heima í héraði og færa það lengra í burtu frá hamfara- eða hættusvæði telur undirritaður vera afturför. Ákvörðun ríkislögreglustjóra um að senda hjálparlið ætti því að skilyrða með því að viðkomandi lögreglustjóri samþykki þá tilhögun.

Vestmannaeyjum, 20. janúar 2003

Virðingarfyllst,


Karl Galti Hjaltason
sýslumaður

